

13. fundargerð – aukastjórnarfundur FÍN 30. janúar 2024 – á Teams

Mætt voru:

Anna Berg Samúelsdóttir, Benóný Jónsson, Berglind Sigurðardóttir, Björg Helgadóttir, Bragi Bergsson, Guðrún Nína Petersen, Jón Már Halldórsson, Kristín Hermannsdóttir, Margrét Geirsdóttir, Marianna Hugrún Helgadóttir, Sigvaldi Thordarson, Stefán Már Stefánsson, Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Torfi Geir Hilmarsson, Una Bjarnadóttir, Unnur Magnúsdóttir og Þorkell Heiðarsson.

Gestir fundarins: Orri Þrastarson, verkefnastjóri FÍN og Runólfur Vigfússon, lögfræðingur FÍN

Fundarritari: Stella Hrönn Jóhannsdóttir

Fundargerð:

Formaður FÍN setti fund kl. 8:30.

MHH reifaði það sem hefur verið að gerast síðustu daga í sambandi við kjaraviðræðurnar framundan, en formaður BHM óskaði á aukaformannaráðsfundi þann 29. janúar sl. eftir umboði aðildarfélaga BHM til viðræðna um launalið og forsenduákvæði kjarasamnings við opinbera launagreiðendur, þ.e. ríki, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga. 7 félög hafa gefið til kynna að þau vilji vera með í vegferðinni, þ.m.t. Víska. Önnur félög hafa látið í ljós efasemdir eða ekki gefið afstöðu sína til kynna.

Umræður.

Afgreiðsla:

Stjórn FÍN samþykkir að veita umboð til viðræðunefndar BHM og að formaður FÍN eigi sæti í þeirri nefnd. Jafnframt leggur stjórn FÍN áherslu á að þeir þættir sem eru í verkáætlun BHM, þ.e. betri vinnutími í vaktavinnu, betri vinnutími í dagvinnu, veikindaréttarkafinn, bakvaktir og ráðning í tímavinnu, verði kláraðir samhliða viðræðum um launalið og forsendukafla.

Ekki var fleira gert og fundi slitið kl. 09:38.